

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og orkumálin í Evrópu

Afar áhugavert er að lesa bloggsíðu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins [IMF] frá 28. maí síðastliðnum. Þar er rætt um stöðu orkumálanna í Evrópu, í tengslum við loftslagsmarkmið. Þar segir að innrásin í Úkraínu hafi valdið verstu orkukreppu í Evrópu síðan á áttunda áratug síðustu aldar. Stjórnámálamenn hafa brugðist við með áherslu á auknar birgðir jarðgass, vaxandi áherslu á bætta orkunýtingu og aukna endurnýjanlega orku. Þetta eru útaf fyrir sig ekki nýjar fréttir. Hitt er merkilegra sem síðan kemur fram á síðunni.

Framboðsöryggi og verðhækkanir

IMF hefur rannsakað áhrif loftslagsaðgerða í Evrópu á framboðsöryggi (rafmagns) í álfunni. Í fyrsta lagi var **framboðsöryggi** kannað með tilliti til þess hversu mikið ríki þurfa að reiða sig á innflutta orkugjafa og fjölbreytileika þeirra. Í öðru lagi var könnuð **seigla hagkerfa** gagnvart brestum í framboðsöryggi, en seiglu má í einfölduðu máli skilgreina sem getu kerfis/kerfa til þess að takast á við margskonar áföll og ógnir. Þar var skoðað hlutfall af vergri landsframleiðslu til orkukaupa í hagkerfum Evrópu.

Greiningin leiðir í ljós að orkuöryggi í Evrópu versnaði áratugina fyrir innrás Rússa í Úkraínu, þar sem ríki treystu í auknum mæli á innflutning orku frá sífelld færri birgjum.ⁱ Verð á jarðgasi, sem verslað var með í miðstöð gasviðskipta í Hollandi, [Title Transfer Facility” (TTF)], jókst meira en 20-falt á milli árána 2019 og fram í ágúst 2022. Raforkuverð hækkaði úr 45 evrum í 598 evrur á megavattstund í ágúst 2022.ⁱⁱ Það er hækkun sem nemur **1228.89%**.

Ríkisstjórnir brugðust við á afgerandi hátt; keypt var gas, orkufyrirtæki fengu fé, yfirvöld kröfðust þess að rekstraraðilar fylltu gasgeymslur, leigðar voru fljótandi gasinnflutningsstöðvar og virkjuð ónýtt raforkuframleiðslugeta í biðstöðu. Engu að síður hafði orkukreppan mjög skaðleg efnahagsleg áhrif. Hærra orkuverð og ákall um frjálstan orkusparnað minnkuðu gasnotkun um 15 til 20 prósent og raforku og kola um 5 til 10 prósent.ⁱⁱⁱ

Að mati Alþjóðagjaldeyrissjóðsins myndi vaxandi samþætting raforkumarkaða í Evrópu auka raforkuviðskipti á milli ríkja álfunnar. Líkön, þar sem gert er ráð fyrir 50% aukningu raforkuviðskipta yfir landamæri, benda til

Þess að meiri samþætting myndi bæta framboðsöryggi og seiglu hagkerfanna [economic resilience]. Jafnvel þótt aukin raforkuviðskipti myndu gera ríkin háðari innfluttri orku, þá drægi þau úr landfræðilegri samþjöppun orkugjafa meðal birgja utan Evrópu.

Í heildina myndi þetta [að mati IMF] bæta stöðu mála í mestallri Evrópu og draga úr neikvæðum áhrifum minna framboðsöryggis, mælt á skala sérstakrar vísitölu [composite energy supply insecurity index] sem notuð er til að meta þetta. Hagkerfin verði síður viðkvæm vegna truflana á framboðsöryggi þar sem bæði orkuverð og orkunotkun minnki.^{iv}


Mynd 1

Riskier energy

The security of Europe's energy supply deteriorated in the decades before Russia's invasion of Ukraine.

Europe: Energy supply insecurity index

(1=100 percent; higher score = less energy secure)



Sources: Eurostat and IMF staff calculations.

Notes: The chart shows the composite energy supply insecurity index of Cohen, Joutz, and Loungani (2011), which combines energy import dependence with energy import diversification. The index is modified to give European countries zero risk-weight and other countries unit risk-weight.

IMF

Mynd 1 sýnir framboðsöryggi á orku í nokkrum Evrópuríkjum; Bretlandi, Frakklandi, Þýskalandi og Ítalíu, auk Evrópusambandsins. Hærrí stuðull tákna minna framboðsöryggi. Samkvæmt þessari mynd er framboðsöryggið mest í Bretlandi en minnst á Ítalíu, á þrjátíu ára tímabili.

Noregur á innri orkumarkaði ESB

Noregur leikur stórt hlutverk í orkumálum ESB og er stór seljandi olíu, gass og rafmagns. Á fyrstu 5 mánuðum ársins 2023 komu 50% af jarðgasi Evrópusambandsins frá Noregi, stærsta seljanda jarðgass til Evrópusambandsins. Náíð samstarf Noregs og ESB í orkumálum var áréttað með sameiginlegri yfirlýsingu beggja aðila í júní árið 2022. Þar er lögð áhersla á aukið sjálfstæði ríkja Evrópu í orkumálum vegna neikvæðra áhrifa af innrás Rússa í Úkraínu um leið og stefnt skuli að minnkun gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2030.^v

Samstarfið var einnig styrkt með sérstökum viðræðum í október 2022, undir forystu Kadri Simson, orkumálastjóra Evrópusambandsins, og Terje Aasland, olíu- og orkumálaráðherra Noregs.^{vi}

Í júní 2022 undirstrikuðu ESB og Noregur sterk tengsl sín sem nágrennaþjóðir, samstarfsaðilar og bandamenn í sameiginlegri yfirlýsingu. Þá var talið brýnt að grípa til aðgerða til þess að auka orkusjálfstæði og bæta viðnámsþol Evrópu gagnvart neikvæðum afleiðingum innrásar Rússa í Úkraínu á sama tíma og losun gróðurhúsalofttegunda minnkaði fyrir árið 2030. Samstarfið var eftt enn frekar í orkusamráðinu í október 2022 undir formennsku Kadri Simson, orkumálastjóra Evrópusambandsins, og Terje Aasland, olíu- og orkumálaráðherra Noregs.^{vii}

Þessi staða Noregs skiptir máli fyrir Íslendinga þar sem Noregur er „aflvélin“ í EES-samstarfinu sem Ísland á einnig aðild að. Þetta eru **hagsmunirnir** sem búa að baki þrýstingi frá norskum stjórnvöldum á innleiðingu orkupakka á Íslandi [og Noregi auðvitað]. Íslensk stjórnvöld bogna undan þrýstingnum og láta teyma sig á asnaeyrunum út í kviksyndi markaðsvæðingar í nafni „náttúruverndar“ og norskra hagsmuna.


Framsal fullveldis og orkufátækt

Íslenskir stjórnálamenn hafa lengi verið duglegir við að innleiða margskonar óhagræði og byrðar fyrir almenning og fyrirtæki. Mjög skýrt dæmi um það er orkustefna Evrópusambandsins. Í þjóðfélagi sem rafvæddist á fyrstu áratugum 20. aldarinnar, með vatnsaflsvirkjunum um land allt, stefnir allt í þá veru að virkjanir og orkufyrirtæki almennings (Landsvirkjun/Orkuveita

Reykjavíkur) lendi í höndum braskara og fjárglæframanna á komandi árum. Orkupakkar Evrópusambandsins mæla fyrir um markaðsvæðingu og „samkeppni“ [sem endar í fákeppni, sbr. Bretland]. Það eitt og sér ætti að vekja menn til vitundar um hættur sem í því felast.

Að tryggja eignarhald almennings verður mikið baráttumál á næstu árum og áratugum. „Hýenur“ [og ljón] eru fyrir löngu búnar til árása á meðan „gammarnir“ hnita hringi [t.d. um Landsvirkjun]. **Orkufátækt** vex með aukinni markaðsvæðingu orkumálanna, ekki síst rafmagns. Rándýrin ráðast fyrst á veikustu dýrin í hjörðinni. Þjóðin verður að taka sér til fyrirmyndar bufflana^{viii} (*Syncerus caffer*) í Afríku sem **mynda vegg**, standa saman og verja hjörðina fyrir árasum rándýranna.^{ix} Það á bæði við um sjálft eignarhald orkufyrirtækjanna en einnig orkuverðið.

Mynd 2^x



Mynd 2 (Venn-mynd) sýnir tengsl lágra tekna, háa hlutfalls tekna til orkukaupa og slakrar orkunýtni heimila.

Í stuttu máli sýnir Venn-myndin hvernig þrjár þættir - lágar tekjur, orkuútgjöld og orkunýtni - blandast og geta haft áhrif á fjárhagslega velferð

fólks. Skoðum betur þau svæði sem skarast á myndinni. Skurðpunktur „Lágra tekna“ [efsti hringurinn] og „Hárri orkuútgjalda“ [neðri hringur til vinstri] varpar ljósi á fjárhagslega byrði þeirra sem eyða verulegum hluta tekna sinna í orkureikninga og lágtekjufólk stendur frammi fyrir. Skörunin á milli „Lágra tekna“ og „slakrar orkunýtni heimila“ undirstrikar hvernig ófullnægjandi húsnæðisaðstæður auka fjárhagslegt álag fyrir þá sem hafa takmarkað fjármagn. Að lokum, miðsvæðið þar sem allir þrír hringirnir skerast, táknar erfiðustu aðstæðurnar: tekjulág heimili sem glíma við bæði háan orkukostnað og slaka orkunýtni.

Ísland er frábrugðið hinum Norðurlöndunum hvað varðar samsetningu orkukerfisins og uppbyggingu orkumarkaðarins. **Sem orkueyja er landið ekki tengt við evrópska raforkunetið heldur hefur sitt eigið sjálfstæða flutningsnet og er nánast sjálfbært um orku sem hefur haldið orkuverðinu tiltölulega stöðugu.** Hefð er fyrir gnægð endurnýjanlegrar orku á tiltölulega lágu og viðráðanlegu verði miðað við önnur Norðurlönd. Landið hefur því verið að nokkru leyti varið fyrir afleiðingum orkukreppu síðustu ára.^{xi}

Almenningur er sífellt undir árásum frá íslensku valdaklíkunni og þarf virkilega að verja sig. Sá grundvallarmunur er þó á íslensku valdaklíkunni og rándýrum á sléttum Afríku að þau síðarnefndu veiða sér til matar, enda hungrið aldrei langt undan. Valdaklíkan veiðir hins vegar af stjórnlausri græðgi einni saman.

Með innleiðingu orkupakka þrjú var mikilvægt vald á sviði orkumála framselt (vel að merkja ólöglega) til stofnunar Evrópusambandsins – **ACER**, enda heimilar íslenska stjórnarskráin ekki framsal ríkisvalds (fullveldis) til erlendra stofnana.

Það er einkennandi fyrir Alþingi, raunar allt frá síðustu aldamótum (og jafnvel fyrr), að lítil sem engin virðing er borin fyrir grunnlögum Íslands; nefnilega stjórnarskránni. Það er algerlega meðvituð stefna að nefna helst aldrei stjórnarskrána sem æðstu réttarheimild í íslenskum rétti.

Fáir þingmenn heyrast minnast á þessa mikilvægu réttarheimild nema þá helst ef það væri til þess að þrengja að almenningi og búa í haginn fyrir sjálfa sig. Sjálfþökufólkið á Alþingi ræðir um að takmarka völd forseta Íslands

(þjóðkjörinn fulltrúa almennings) og helst afnema málskotsréttinn. Margir ganga opinskátt erinda erlends valds en aðrir reyna að leyna því.

Fámennisstjórn og **mafiuríki** eru hugtökin sem fyrst koma í hugann í þessu sambandi. Það má fullyrða að það er ekki vilji þjóðarinnar, almennt, að hafa þetta svona, engan veginn. Það sem hins vegar hefur gerst er það að valdaklíkan hefur með ósannindum, blekkingum og bolabrögðum náð að hreiðra um sig og aftengja lýðræðið.^{xii} Þjóðin var þó vel á verði í síðustu forsetakosningum, þegar hún fékk tækifæri til að sýna vilja sinn, og lét ekki blekkjast.

Það er ljóst að kjósendur þurfa að vanda sig í næstu kosningum til Alþingis, kanna vel bakgrunn frambjóðenda, hvaða þeir hafa sagt og skrifað í fortíðinni og hvort saman fara orð og athafnir eða að minnsta kosti heiðarlegur vilji til jákvæðra athafna [mælt á þann kvarða hvort almenningur hefur gagn af lagasetningu/lagabreytingum eða ekki]. Nýafstaðnar forsetakosningar geta vísað veginn næst þegar gengið verður til Alþingiskosninga.

Þegar mál kemur til kasta Alþingis þarf ævinlega að spyrja um þessi atriði:

- a) hvað og hverjir reka á eftir því að málið er komið inn á Alþingi?
- b) hvaða **hagsmunir** og hverra ráða ferðinni?
- c) **kallar almenningur eftir breytingum?**
- d) er málið tilkomið vegna þrýstings erlendis frá?
- e) er um að ræða gerð/gerðir frá Evrópusambandinu?
- f) mun almenningur verða betur eða verr settur eftir lagasetningu/lagabreytingu en áður?

Þessu einfalda greiningartæki má síðan beita á t.d. innleiðingu orkupakka þrjú:

- a) Þeir sem helst hafa rekið á eftir innleiðingu orkupakkanna eru íslenskir braskarar, fjárglæframenn, Norðmenn og Evrópusambandið. Margir íslenskir stjórnámálamenn ganga erinda nefndra hópa;
- b) það eru hagsmunir braskaranna og fjárglæframanna, stórra orkufyrirtækja og fjármálaaflanna sem þarna ráða för;
- c) **almenningur kallar alls ekki eftir þessum breytingum**, frumkvæðið er ekki komið frá honum. Enda væri það fáránleg afstaða að kalla yfir sig fjölgun milliliða í raforkukerfinu („raforkumiðlara“), stórhækkað

verð og spákaupmennsku á kvöldin við að finna lægstu verðin á hverjum tíma. Erlendar rannsóknir, og áður hefur verið vísað til, sýna enda að fólk gefst fljótlega upp á leitinni endalaus;

- d) í tilviki orkupakka þrjú er svarið já, þrýstingur kom bæði frá norskum stjórnvöldum og frá Evrópusambandinu;
- e) já, orkupakki þrjú samanstendur af gerðum Evrópusambandsins, reglugerðum og tilskipunum;
- f) almenningur verður að sjálfsögðu **VERR settur** eftir innleiðingu enda borgar hann fyrir allt bruðlið. Orkustefnan leiðir af sér sóunarsamkeppni; miklu hærri verð (einkum til lengri tíma lítið), uppskiptingu opinberra orkufyrirtækja, miklu meiri og dýrari yfirbyggingu, innkomu braskara á raforkumarkað, aukið flækjustig, uppsetningu „snjallmæla“ sem engu skila, enda árangur af uppsetningu þeirra algerlega háður hegðun neytenda sem sjá sér lítinn hag í því að eltast við síbreytileg verð. Ávinningurinn er einfaldlega alltof lítill samanborið við fyrirhöfnina.

Lagabreytingar í Þýskalandi


Í Þýskalandi voru gerðar breytingar á lögum um endurnýjanlega orku (Erneuerbare-Energien-Gesetz eða EEG^{xiii}) á síðasta ári. Með breytingunum er gert ráð fyrir því að sveitarfélög fái hlutdeild í hagnaði af vindorku- og sólarcelluverkefnum. Framleiðendur raforku geta þannig boðið sveitarfélögum hlutdeild í ágóða af nýjum og núverandi orkuverkefnum.

Hugmyndin að baki þessu er sú að rafstöðvar (vindrafstöðvar/vindorkuver) séu frekar samþykktar í sveitarfélögum ef eitthvað af ágóðanum verður eftir hjá þeim. Áskilið er að uppsett afl sé 1 MW eða meira og einungis sveitarfélög sem eru í 2.5 km radíus frá vindrafstöð geta tekið þátt.

Ef radíusinn (2.5 km) sker svæði nokkurra sveitarfélaga er kveðið á um það að öllum sveitarfélögum skuli boðin þátttaka um leið og kerfisstjóri býður einu sveitarfélagi. Heildarþátttaka allra sveitarfélaga er takmörkuð við 0,2 sent/kWst. Þessari upphæð (eða lægri upphæð) verður skipt á öll sveitarfélög sem taka þátt, eftir hlutdeild þeirra á viðkomandi svæði.^{xiv}

Samtök þýskra vindorkunotenda (BWE) gáfu út upplýsingabækling í maí síðastliðnum. Þar má sjá m.a. fjárhagslega skiptingu í nokkrum sambandsríkjum Þýskalands, þ.e.: Mecklenburg-Vorpommern, Brandenburg, Niedersachsen, Nordrhein-Westfalen, Saarland, Sachsen, Sachsen-Anhalt og Thüringen.^{xv}

Mynd 3



Mynd 3 tengist framangreindum, nýlegum breytingum á lögum um endurnýjanlega orku í Þýskalandi. Miðað við 0.1 sent á kílóvattstund vegna framleiðslu með sólarcellum og 0.2 sentum af framleiðslu með vindrafstöðvum.

Orkupakki fjögur

Á heimasíðu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins má finna stutta samantekt á því hvað fjórði orkupakkinn felur í sér. Þá ber hins vegar að gæta að því hver segir frá, hvert sjónarhornið er. Framsetning stofnana Sambandsins er ekki hlutlaus, „fagleg“ frásögn heldur felur oft en ekki í sér pólitískan áróður. Allt sem frá Sambandinu kemur ber að skoða í því ljósi. Evrópusambandið [ESB] snýst um stjórnsmál ekki síður en efnahagsmál.

Orkupakki fjögur [stundum nefndur „Vetrarpakkinn“] samanstendur af átta Evrópugerðum; fjórum tilskipunum og fjórum reglugerðum:

- a) **Tilskipun um orkunýtni bygginga (ESB) 2018/844:** í þessari tilskipun er lögð áhersla á bættu orkunýtni bygginga. Það krefst þess að ESB lönd þrói langtíma endurnýjunaráætlanir til þess að breyta bæði

íbúðarhúsnaði og öðrum byggingum í mjög orkusparandi og kolefnislaus mannvirki fyrir árið 2050.

- b) **Tilskipun um endurnýjanlega orku (ESB) 2018/2001**: endurskoðuð tilskipun um endurnýjanlega orku setur, bindandi markmið um 32% af fyrir endurnýjanlegum orkugjöfum í orkusamsetningu ESB fyrir árið 2030. Hún miðar að alþjóðlegri forystu á sviði endurnýjanlegra orkugjafa og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.
- c) **Orkunýtingartilskipun (ESB) 2018/2002**: Í þessari tilskipun er lögð áhersla á orkunýtingu. Hún setur bindandi markmið um að auka orkunýtingu um að minnsta kosti 32,5%, frá núverandi mörkum, fyrir árið 2030.
- d) **Reglugerð um stjórnarhætti orkusambandsins og um loftslagsáætlunir (ESB) 2018/1999**: Reglugerðin kemur á fót kerfi fyrir orkusambandið. Hvert ESB-ríki verður að búa til samþættar 10 ára innlendar orku- og loftslagsáætlanir (NECP) fyrir 2021-2030. Þessar áætlanir gera grein fyrir því hvernig lönd munu ná orku- og loftslagsmarkmiðum sínum, þar á meðal langtímasýn til ársins 2050.
- e) **Áhættuviðbúnaður á raforkusviði - Reglugerð (ESB) 2019/941**: Reglugerð þessi leggur áherslu á að tryggja áhættuviðbúnað á raforkusviði, „auka öryggi og áreiðanleika“.
- f) **Evrópusambandsstofnun um samvinnu orkueftirlitsaðila - Reglugerð (ESB) 2019/942 [síðari ACER-reglugerðin]**: Með þessari reglugerð [fyrri ACER-reglugerðin] er Evrópusambandsstofnunin um samvinnu orkueftirlitsaðila (ACER) stofnsett, til að efla samvinnu og samhæfingu meðal orkueftirlitsaðila [**landsreglara**].
- g) **Innri markaður fyrir raforku – Reglugerð (ESB) 2019/943**: Reglugerð þessi miðar að því að skapa samkeppnishæfan og samþættan innri raforkumarkað innan ESB, sem stuðlar að skilvirkum raforkuviðskiptum yfir landamæri.
- h) **Sameiginlegar reglur fyrir innri markaðinn fyrir raforku - Tilskipun (ESB) 2019/944**: Þessi tilskipun er viðbót við reglugerðina sem nefnd er hér að ofan og skilgreinir sameiginlegar reglur fyrir innri raforkumarkaðinn.

Um orkupakka fjögur segir efnislega: Árið 2019 endurskoðaði ESB orkustefnu sína til þess að auðvelda umbreytingu frá jarðefnaeldsneyti í átt að hreinni orku - og nánar tiltekið til að standa við skuldbindingar **Parísarsamkomulagsins** um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Samkomulagið um þessar nýju reglur – sem kallast „Hrein orka fyrir alla Evrópubúa“ – markaði mikilvægt skref í átt að innleiðingu á stefnu **orkubandalagsins** [the energy union] og lögð var fram árið 2015.^{xvi}

Byggt er á tillögum framkvæmdastjórnarinnar sem birtar voru árið 2016. Fjórði orkupakkinn samanstendur af 8 nýjum gerðum. Í kjölfar pólitísku samkomulags Ráðsins og Evrópuþingsins (lauk í maí 2019) og gildistöku mismunandi reglna ESB, hafa ESB-ríkin eitt til tvö ár til þess að innleiða hinar nýju tilskipanir í landsrétt.^{xvii}

Nýju reglurnar munu hafa umtalsverðan ávinning fyrir neytendur, umhverfið og efnahagslífið [greinarhöfundur setur mikla fyrirvara við þetta]. Með því að samræma breytingarnar á vettvangi ESB undirstrikar löggjöfin einnig forystu ESB í því að takast á við hlýnun jarðar og er mikilvægt framlag til langtímastefnu ESB um að ná kolefnishlutleysi (núll-losun) fyrir árið 2050.^{xviii}

Þetta skýrir að hluta þá ofuráherslu sem þáverandi ríkisstjórn Íslands lagði á innleiðingu orkupakka þrjú, ekki síst flokkur sem kennir sig við eitthvað grænt og til vinstri. Orkupakki þrjú var talinn innlegg í „græna umhverfisstefnu“. Menn kyngdu markaðsvæðingunni og töldu sjálfum sér og öðrum trú um að tilgangurinn væri ákaflega göfugur og nauðsynlegur. Þetta þarf einnig að skoða í samhengi við „greiningartækið“ (bls. 6) hér að framan.

„Tilgangurinn helgar meðalið“ á vel við þarna. Allt heila kerfið byggir á tilgátu en ekki glerhörðum staðreyndum. Það er óumdeilt, og mælanlegt, að hlutfall kolefnis í andrúmslofti hefur hækkað í áratugi. Hitt er ekki eins ljóst hvaða áhrif sú hækkun hefur á hlýnun jarðar. Menn gefa sér að bein tenging sé á milli hækkunar kolefnishlutfalls og hlýnunar. Þar er hins vegar um svo flókin tengsl að ræða að óvíst er að nokkur hermun eða líkön nái að fanga þau.

Með orkupakka þrjú töldu sömu menn að lagður væri grunnur að „grænni stefnu“ í umhverfismálum og með þeim þökkum sem á eftir fylgja. Með öðrum orðum, orkupakki er í huga vinstri grænna þingmanna tákn grænna

lausna og umhverfisverndar. Það sem hins vegar á sér stað í raunveruleikanum er einmitt markaðsvæðingin í skjóli meintrar „umhverfisverndar“. Hert er á markaðsvæðingunni í orkupakka fjögur.

Önnur afleiðing orkustefnu Evrópusambandsins, og orkupakka þess, er óðum að koma í ljós og sést á umræðum um afar stórkarlalega vindorkugarða^{xix} hringinn í kringum Ísland. Umrædd áform eru hvorki „græn“ né umhverfisvæn á nokkurn hátt og munu valda, þótt einungis hluti þeirra yrði að veruleika, gríðarlegum landskemmdum og miklum óþægindum fyrir íbúa, jafnvel í mikilli fjarlægð. Þá er enn ótalin hættuleg mengun sem stafar af efni í spöðum vindrafstöðva, þ.e. **epoxy**.^{xx} Í umræddu epoxy efni er annað efni; bisfenól A.

Bisfenól A (eða **BPA**) er tilbúið, lífrænt efnasamband þar sem hvarfefnið er **fenól** og er notað í framleiðslu á alls kyns plasti. Meðfylgjandi bókstafur A gefur til kynna notkun asetons sem er annað hvarfefni. Alvarlegur grunur er um að bisfenól A valdi **truflunum á hormónavirkni** [mannfólks]. Það gerir bisfenól A viðsjárvert og oft beinlínis skaðlegt. Efni sem trufla innkirtla hafa verið tengd við um **80 sjúkdóma**. Má þar nefna krabbamein í eistum, offitu og æxlunartruflanir.^{xxi}

Vindmyllublöð eru úr trefjagleri gegndreyptu með epoxy til að gera þau sterkari. **Epoxy inniheldur 30-40% af bisfenóli A**. Niðurstaða: efnið sem kemur til vegna veðrunar vindmyllublaða inniheldur hátt innihald af bisfenóli A.^{xxii} Þessi efni, sérstaklega í miklu magni, eru afar óæskileg í drykkjarvatni og náttúrunni almennt.

Þessu til viðbótar má búast við því að íbúar sveitarfélaganna sem um ræðir verði blekktir, að þeim logið, gylliboð sett fram, og arðurinn hverfi síðan að langmestu leyti úr landi. Braskarar, erlendir og innlendir, sjá sér mikil tækifæri í fjárglæframennsku í nafni „grænna lausna“. Það er sú öfugsnúna mynd sem smám saman kemur í ljós en birtist að lokum á „réttunni“ (og þá er allt um seinan).

Hér má síðan geta þess að kínverska fyrirtækið **Dongfang Electric Corporation**, sem er í ríkiseigu, hefur hannað stærstu vindrafstöð heims. Sú er staðsett í suðaustur Kína, með uppsett afl 18 megavött. Spaði hennar er **260 metrar í þvermál** en flöturinn sem spaðinn myndar (swept area) er **53.000 fermetrar**. Það má reikna samkvæmt formúlunni $A = \pi \cdot r^2$. – $A =$

$3.14159265359 \cdot 130^2 = 53.092.9158457$. Áætluð framleiðsla hennar er 72 gígavattstundir á ári.^{xxiii}

Árlegur kostnaður vegna áforma sem felast í orkupakka fjögur er áætlaður **75 milljarðar evra**. Kostnaðurinn er vegna orkumannvirkja og veldur mörgum áhyggjum, enda þrengt að fjárhagslegu svigrúmi þjóðríkjanna. Þrátt fyrir að pakkinn miði að því að styrkja neytendur [gera þarf greinarmun á yfirlýstum markmiðum og raunveruleikanum], halda sumir því fram að hann gangi ekki nógu langt í að tryggja réttindi neytenda og þátttöku á orkumarkaði.

Þá sætir svonefnd **snjallmælavæðing** gagnrýni víða. Spyrja gagnrýnendur m.a. hvort fyrirhuguð endurskoðun mæti á fullnægjandi hátt áhyggjum sem fram koma vegna innlendra **kostnaðar- og ábatagreininga**. Atriði sem snerta **persónuvernd** vega einnig þungt, s.s. það hverjir skuli hafa aðgang að mæli- og notkunargögnum. Fjórði orkupakkinn inniheldur margar lagareglur [**over 1000 pages are the legislative proposals alone**], sem geta verið yfirþyrmandi fyrir stefnumótendur og hagsmunaaðila. Enn fremur telja sumir sérfræðingar að pakkinn hefði getað verið nýstárlegri við endurhönnun orkumarkaða, til þess að koma til móts við nýja tækni og viðskiptalíkön.^{xxiv}

Hér skal enn og aftur áréttað að besta lausnin á flestum „vandamálum“ sem snerta framleiðslu og dreifingu á rafmagni er að halda hvoru tveggja í opinberri eigu, eigu almennings, og forðast markaðsvæðingu í lengstu lög.

Markaðsvæðing á við þar sem hún, eðli málsins samkvæmt, getur virkað. Þar skiptir stærð og eðli viðkomandi markaðar miklu máli. Að hverfa frá „ríkiseinokun“ til þess eins að festast í fákeppni, með öllu því okri og milliliðum sem því fylgja, er neytendum sannarlega ekki til góðs.

Fróðlegt verður að fylgjast með framvindu orkupakka fjögur á Alþingi Íslendinga en Norðmenn eru þegar undir þrýstingi að innleiða pakkann. Þá dugar ekki að beita þeim „rökum“ að almenningur sé að kalla eftir þessu, að sérstakt ákall sé frá íslenskum neytendum að fá að greiða hærra verð fyrir rafmagnið þar sem fólk sé orðið svo „umhverfisvænt“ í hugsun. Það er allt annað sem þarna býr að baki: að vanda hagsmunir braskara og fjárglæframanna.

Gagnrýni á umhverfis- og loftslagsstefnu ESB

Það er fjarri lagi að umhverfis- og loftslagsstefna ESB sé hafin yfir gagnrýni. Umræðan, almennt á Íslandi, sérstaklega á Alþingi og á opinberu áróðursveitunni, RUV, einkennist þó ekki af gagnrýni sem er mjög miður. Meðal þess sem þó er gagnrýnt má nefna eftirfarandi:

Grænþvottur og markaðsvæðing

Gagnrýnendur halda því fram að sum fyrirtæki og fjárfestar nýti sér „grænar lausnir“ í hagnaðarskyni, frekar en til þess raunverulega að vernda umhverfið. „**Grænþvottur**“ vísar til villandi fullyrðinga um umhverfisábyrgð til þess að laða að neytendur eða fjárfesta. Markaðsvæðing á sér stað þegar **áhyggjur af umhverfinu verða varningur**, sem gerir fært að ná fjárhagslegum ávinningi [braskara].

Hagnaðarsjónarmið gegn umhverfismarkmiðum

Þó að frumkvæði að endurnýjanlegri orku og sjálfbærni séu nauðsynleg, geta hagnaðarsjónarmið haft áhrif á framkvæmd þeirra. Fjármagnseigendur geta forgangsraðað fjárhagslegum ávinningi fram yfir raunveruleg vistfræðileg áhrif. Þessi togstreita milli hagnaðar og umhverfisverndar er miðlæg áskorun.

Áhrif stefnu

Stjórnámálamenn reyna að finna viðkvæmt jafnvægi: hvetja til einkafjárfestingar í grænni tækni. En það jafngildir ekki því að tryggja raunverulegan umhverfisávinning. Gagnsæ upplýsingagjöf og öflugar reglur skipta sköpum til þess að koma í veg fyrir grænþvott.

Kerfisbreytingar

Til þess að taka á þessum vandamálum þarf kerfisbreytingar: að endurskoða efnahagslíkön; stuðla að siðferðilegri fjárfestingu og auka ábyrgð fyrirtækja.

Að lokum

Það er mikilvægt að trúá ekki öllu sem stjórnvöld halda fram. Stjórnsmál snúast um hagsmuni. Spurningin er þá hagsmuni hverra? Þegar ráðist er gegn almenningi, og hagsmunum hans, er það ævinlega réttlætt með vísan til „framfara“ eða vegna þess að erlendar stofnanir geri kröfu um breytingar. Það

sem vantar á Íslandi er hlutlaus stofnun sem rýnir vandlega allt sem Alþingi hefur til umfjöllunar á hverjum tíma. Þannig mætti afhjúpa marga lygina.

Allar loftslagsaðgerðir byggja á þeirri tilgátu að aukning koltvísýrings í andrúmslofti (CO₂) valdi hlýnun jarðar sem aftur geti valdið eyðingu lífs og byggðar á jörðinni. Loftslagsmálin eru orðin að einskonar trúarsetningu, notuð sem réttlætning markaðslausna. Sala „grænna aflátsbréfa“ og kolefnisskattar eru einhver skýrustu dæmin um það. Þó liggur ekki fyrir hvernig sala „aflátsbréfanna“ og skattarnir eiga að virka á náttúruöflin, þannig að dragi úr hlýnun.

Aðferðafræðin er sú að blása út vandamál og greiða síðan leið markaðslausna. Það er hægt sökum þess að erfitt er oft að sanna eða afsanna ákveðna tilgátu (s.s. þá að heimurinn sé að farast). Lausnin liggur í opinni og gagnrýnni umræðu, þar sem öll sjónarhorn fá sitt rými. En þannig er málum ekki ekki háttað. Öll gagnrýni er þöggðuð af ríkisfjölmíðlum (t.d. RUV) og jafnvel reynt að stimpla skoðanir annara sem „hatursorðræðu“. Svo illa er komið fyrir tjáningarfrelsi og lýðræði á Íslandi og víðar.

Það kann vel að fara svo, eftir tvo til þrjú áratugi, að eitthvað allt annað verði uppi á teningnum; að „æ fleiri vísindamenn séu komnir á þá skoðun að aukning kolefnis í andrúmslofti skipti nánast engu máli um hlýnun jarðar....“. Þá munu menn verða fljótir að gleyma öllum fyrri aðgerðum til bindingar kolefnis sem enda á ruslahaugum sögunnar. Margir þá búnir að maka krókinn vel á „mótvægisáðgerðum“ gegn ógninni, t.d. uppsetningu vindorkugarða.

Það sem oft skortir er að greina á milli þess hvað er „fræðileg ógn“ og hins vegar „raunveruleg ógn“. Tíminn einn mun í flestum tilvikum leiða þann mun í ljós. Það er t.a.m. „fræðileg ógn“ að banvæn veira muni leggja helming jarðarbúa að velli. Það réttlætir hins vegar ekki að ráðist sé í stórkostlegar „forvarnaraðgerðir“ vegna „ógnar“ sem enn er ekki komin fram og kemur e.t.v. ekki fram á næstu 2000 árum.

Fylgi sumra stjórnmalaflokka er afar lágt um þessar mundir sé miðað við niðurstöður skoðanakannana [og alltaf þarf að taka með fyrirvara]. Þeir sem mest hafa svikið, og mestu hafa logið, eru við það að detta út af þingi eftir áralanga þátttöku í ríkisstjórnnum. Úr þessum ranni kom t.d. sá ómerkilegi áróður að orkupakki þrjú skipti engu máli og væri nánast eitthvert formsatriði.

Allt er það rangt. Ef núverandi ríkisstjórn hefði þann dug til að bera að innleiða ekki orkupakka fjögur, og helst losa Ísland alveg frá orkustefnu Evrópusambandsins, mætti bjarga einhverjum hluta þess fylgis sem eftir er. Yfirstjórn orkumálanna færðist þannig á ný til Íslands, þangað sem hún á best heima.

Formaður Framsóknarflokksins, Sigurður Ingi Jóhannsson, gæti þannig endurheimt eitthvað af glötuðu trausti kjósenda, eftir að hafa snúist um 180 gráður vegna innleiðingar orkupakka þrjú [var fyrst á móti en síðan með]. Hins vegar er „sakaskrá“ ráðherrans mjög tekin að lengjast ef allt er talið og þá t.d. sú **ákvörðun hans að eyðileggja stétt leigubílstjóra** með tilheyrandi glæpavæðingu leigubílaaksturs eins og nú er orðin raunin, þar sem hálfgerð skálmöld ríkir og taumlaust okur.

Þannig að ef á heildina er litið er ferill ráðherrans ekki glæsilegur og margt í honum sem skýrir fylgistap. Sama má segja um hlutdeild Vg, hverra ferill einkennist af klúðri, lögbrotum og yfirgangi. Þá hafa tengsl sumra við hrunsmálin ekki verið þeim til framdráttar. Siðferðishrunið er enn óuppgerð á Íslandi sem og alvarlegur trúnaðarrestur á milli stjórnvalda og almennings.

Lengi má bæta fjárhagslegt tjón, að einhverju leyti að minnsta kosti, ef vilji stendur til þess, en trúnaðarresturinn er enn óuppgerður. Hann hefur heldur sýnst vaxa en minnka, ef eitthvað er. Haldi ránið áfram á eignum þjóðarinnar, þar sem tekið verður til óspilltra málanna að ræna af almennungi virkjunum og vatnsréttindum, þurfa stjórnámamenn ekki að búast við auknu trausti. Sumir þeirra virðast álíta að þá sé ekki annað að gera en skipta um þjóð í landinu og flytja inn nógu marga kjósendur – sem allra ólíkasta meirihluta Íslendinga. Manni verður þá ósjálfrátt hugsað til **X. kafla hegningarlaga** [nr. 19/1940] sem fjallar um landráð.

Hér að síðustu er vert að víkja aðeins að öðru. Þannig háttar stundum til á Alþingi Íslendinga að lög eru sett en gildistöku frestað, jafnvel inn á næsta kjörtímabil. Nánari umfjöllun um það bíður betri tíma en þess má þó geta að t.d. í breskri stjórnskipun er litið svo á að starfandi þing **geti ekki bundið næsta þing**, að kosningum loknum. Þar kemur til reglan um fullveldi þingsins (**Parliamentary sovereignty**^{xxv}). Spurningin er þá sú hvort lög sem sett eru með gildistöku að kosningum loknum séu nokkuð meira en viljayfirlýsing starfandi

þings. Almennt verður ekki séð að næsta þing sé á nokkurn hátt bundið af lagasetningu fyrra þings.

Tæknilega getur þing sett lög og frestað gildistöku um langan tíma. Það er innan löggjafarvalds þingsins. Hins vegar gætur slík ákvörðun kallað á pólitíska umræðu, breytt almenningsálit og kallað fram lagalegar áskoranir (fyrir dómstólum). Framsal á valdi (ríkisvaldi) einkennir mjög starfshætti Alþingis Íslendinga. Vald er framselt bæði til innlendra og erlendra stofnana. Þar er margt sem þarfnast nánari skoðunar. Orkustefna Evrópusambandsins (og orkupakkar þess) er **markaðsvæðing í grænum felubúningi**. Góðar stundir!

- i *Europe can reap sizable energy security rewards by scaling up climate action.* (2024, May 29). IMF. <https://www.imf.org/en/Blogs/Articles/2024/05/29/europe-can-reap-sizable-energy-security-rewards-by-scaling-up-climate-action>
- ii Dolphin, G. (2024). The Energy Security Gains from Strengthening Europe's Climate Action. *Departmental Paper*, 2024(005), 1. <https://doi.org/10.5089/9798400265655.087>
- iii *Ibid.*
- iv *Ibid.*
- v European Commission. „Norway.“ *European Commission - Directorate-General for Energy*, European Commission: https://energy.ec.europa.eu/topics/international-cooperation/key-partner-countries-and-regions/norway_en. Accessed 17 June 2024.
- vi *Ibid.*
- vii *Ibid.*
- viii Sjá t.d.: Furstenburg, D. 2022. African (Cape) Buffalo Syncerus caffer (Sparman 1779), <https://suco-sa.org.za>, Updated from: Ed. Furstenburg, D. 2015. The Game Species Window - E-Book. Amazon USA, web-p 832-1,263. ISBN 978-0-620-65883-6. (<https://www.researchgate.net/profile/Deon-Furstenburg>) (https://www.researchgate.net/publication/316154793_Focus_on_the_African_Buffalo_Syncerus_caffe)
- ix **Sjá einnig:** YouTube. (2021, June 11). *Why these lions shouldn't have challenged the buffaloes - nature is brutal.* YouTube. <https://www.youtube.com/watch?v=d5X1AEmAbmg>
- x ENERGY POVERTY IN THE NORDIC COUNTRIES. (n.d.). *Norden.org*. Retrieved June 22, 2024, from <https://pub.norden.org/nordicenergyresearch2024-02/4-defining-and-measuring-energy-poverty.html>
- xi *Ibid.*
- xii Rétt er að hafa í huga að klassískar kenningar um lýðræði gera ráð fyrir því að lýðræði feli ætíð í sér stjórn hinna fáu. Í einfölduðu máli má segja að **vel skipulagður minnihluti stjórnari í raun illa skipulögðum meirihluta.**
- xiii "Erneuerbare-Energien-Gesetz vom 21. Juli 2014 (BGBl. I S. 1066), das zuletzt durch Artikel 1 des Gesetzes vom 8. Mai 2024 (BGBl. 20https://www.gesetze-im-internet.de/eeg_2014/BJNR106610014.html24 I Nr. 151) geändert worden ist".
- xiv *Ibid.*
- xv Christina, C., & Hilge, J. (2024, May 2). *Finanzielle Beteiligung von Anwohner*innen und Gemeinden.* Bundesverband WindEnergie e.V. https://www.wind-energie.de/fileadmin/redaktion/dokumente/publikationen-oeffentlich/themen/01-mensch-und-umwelt/01-windkraft-vor-ort/20240322_BWE-Informationspapier_Beteiligung_von_Anwohnern_und_Gemeinden.pdf
- xvi European Commission - Directorate-General for Energy. (n.d.). *Clean energy for all Europeans package.* Energy. https://energy.ec.europa.eu/topics/energy-strategy/clean-energy-all-europeans-package_en
- xvii *Ibid.*
- xviii *Ibid.*
- xix Sjá t.d.: „550 vindmyllur á teikniborðinu“. *Morgunblaðið*, Laugardagur, 15. júní 2024. https://www.mbl.is/mogginn/bladid/innskraning/?redirect=%2Fmogginn%2Fbladid%2Fgrein%2F1864241%2F%3Ft%3D315600249&page_name=grein&grein_id=1864241
- xx Sjá t.d.: Solberg, A., Rimerit, B.-E., & Weinbach, J. E. (2001). Leading Edge erosion and pollution from wind turbine blades. In <https://docs.wind-watch.org>. "THE TURBINE GROUP." Retrieved June 29, 2024, from https://docs.wind-watch.org/Leading-Edge-erosion-and-pollution-from-wind-turbine-blades_5_july_English.pdf
- xxi *Will Bisphenol A be the PFOS of Wind Energy?* (n.d.). <https://www.zeeland.nl/>. Retrieved June 29, 2024, from https://www.zeeland.nl/sites/default/files/digitaalarchief/IB23_b50318e9.pdf
- xxii *Ibid.*
- xxiii Hill, J. S. (2024, June 11). World-first 18MW wind turbine installed in China. *RenewEconomy*. <https://reneweconomy.com.au/world-first-18mw-wind-turbine-installed-in-china/>
- xxiv Harris, J. (2017, February 15). *The EU 'Winter package' aims high.* *Landis+Gyr*. Retrieved June 22, 2024, from <https://eu.landisgyr.com/blog/the-eu-winter-package-aims-high>
- xxv Sjá einnig: UK Parliament. "Parliamentary Sovereignty." *UK Parliament*, 2019, www.parliament.uk/site-information/glossary/parliamentary-sovereignty/